

Fréttapistill frá forseta Íslands

18. maí 2020

Skín við sólu Skagafjörður. Nýliðinni helgi vörðum við fjölskyldan þar og nutum margs sem það ágæta hérað hefur upp á að bjóða. Á fundi í Hótel Varmahlíð með Sigfúsi Inga Sigfússyni sveitarstjóra og öðrum fulltrúum sveitarfélagsins kom fram að hugur er í heimafólki að mæta hverjum vanda, hugsa í lausnum og eflast við hverja raun.

Áfram hvet ég alla, sem á því hafa tök, að ferðast sem mest innanlands í sumar enda margt í boði víða um land. Um helgina sigldum við út að Drangey og á mynd að neðan má sjá þá sem sáu um þá för, Viggó Jónsson, Helga Rafn Viggósson og Eyþór Jónasson. Við héldum einnig í flúðasiglingu í Vestari Jökulsá, útreiðartúr hjá Elvari Einarssyni og Fjólu Viktorsdóttur á Syðra-Skörðugili og nutum sýndarveruleika Sturlungaaldar á sýningunni 1238.is. Er þá ekki allt talið og þökkum við fjölskyldan kærlega fyrir velvild og hlýhug Skagfirðinga.

Síðastliðinn mánudag sóttum við Eliza hátíðarathöfn Jafnréttisskóla GRÓ, þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu. Skólinn heyrir undir Háskóla Íslands og hann sækja ár hvert tugir nema hvaðanæva úr heiminum. Við fluttum ávörp og svörudum spurningum nemenda, m.a. um góðan árangur Íslendinga í jafnréttismálum, hvað enn þurfi að bæta og hvað aðrar þjóðir geti lært af reynslu okkar.

Á þriðjudaginn var fagnaði Hjalpræðisherinn því að 125 ár voru þá liðin frá því að samtökin hófu starfsemi sína hér á landi og sendi ég þeim hlýjar kveðjur af því tilefni. Önnur tímamót urðu síðastliðinn föstudag, tvær aldir liðnar frá fæðingu Gríms Thomsens skálds, sem vann í dönsku utanríkisþjónustunni um langt skeið en settist svo að á Bessastöðum. Ein stofan þar er kennd við Grím. Hann skipar merkan sess í sögu staðarins og nýtur auðvitað enn vinsælda fyrir kveðskap sinn.

Í gær fögnuðu Norðmenn þjóðhátíðardegi sínum og færi ég þeim öllum heillaóskir. Og í gær fagnaði Bolvíkingurinn Helga Guðmundsdóttir 103 ára afmæli. Hún veiktist af veirunni skæðu en fyrr í mánuðinum var ljóst að hún hafði losnað við hana, elst Íslendinga til að ná þeim bata og elst íbúa á Vestfjörðum. „Hún er svo jákvæð manneskja, síhlæjandi, og ég er viss um að það hafi skipt máli við að komast í gegnum þetta,“ sagði Agnes Veronika Hauksdóttir, barnabarn Helgu, nýlega. Ég óska Helgu Guðmundsdóttur hjartanlega til hamingju með afmælið. Á mynd að neðan heldur hún á blómvendi sem forsætisráðherra sendi henni í tilefni tímamótanna. Myndina, sem finna má á fésbókarsíðunni Langlífi, tók Kristín Helga Hagbarðsdóttir, barnabarnabarn Helgu.

Landsmönnum öllum óska ég sem endranær alls velfarnaðar. Gott er að geta komist í sund á nýjan leik en virðum öll viðmið og óskir þeirra sem vilja halda í tveggja metra regluna, sjálfum sér og öðrum til öryggis.